

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. október 2019

Mál nr. E-4187/2018:

**Sigurður Guðmundsson**

*Lúðvík Örn Steinarsson*

**gegn**

**Borgun hf.**

*Stefán A Svensson*

## Dómur

1. Mál þetta var höfðað 5. desember 2018 og dómtekið 24. september 2019. Stefnandi er Sigurður Guðmundsson [...] og stefndi er Borgun hf [...] í Reykjavík.
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.599.994 krónur með 4,5% vöxtum frá 1. janúar 2015 til 10. júní 2015 en með 5% vöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 2015, með 5,5% vöxtum frá þeim degi til 4. nóvember 2015, með 5,75% vöxtum frá þeim degi til 24. ágúst 2016, með 5,25% vöxtum frá þeim degi til 14. desember 2016, með 5% vöxtum frá þeim degi til 17. maí 2017, með 4,75% vöxtum frá þeim degi til 14. júní 2017, með 4,5% vöxtum frá þeim degi til 4. október 2017, með 4,25% vöxtum frá þeim degi til 1. desember 2017 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómsins. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.
3. Stefndi er fjármálafyrirtæki sem starfar á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Stefnandi var forstöðumaður alþjóðasviðs stefnda en lét af störfum í ágúst 2017. Hluti umsaminna launakjara stefnanda var svokallaður kaupauki eða árangurstengd þóknun. Samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var árlega milli aðila skyldi stefnandi, að því tilskyldu að tiltekin markmið næðust í starfsemi deildar þeirrar sem stefnandi veitti forstöðu og/eða almennt í starfsemi stefnda, fá greidda þóknun sem skyldi nema tilgreindu hlutfalli mánaðarlauna hans. Að hámarki sem næmi

tvennum mánaðarlaunum árlega. Auk þessa skyldi stefnandi eiga rétt á einum mánaðarlaunum til viðbótar ef áætlaður hagnaður samkvæmt rekstraráætlun næðist. Krafa stefnanda í þessu máli varðar uppgjör kaupauka sem hann telur sig eiga rétt á vegna ársins 2014. Stefndi greiddi stefnanda 60% kaupauka ársins 2014 í desember það ár. Samkvæmt þágildandi reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja skyldi 40% greiðslu frestað í þrjú ár, fram til desembermánaðar 2017. Með bréfi stefnda 9. mars 2018 var stefnanda tilkynnt að stjórn stefnda hefði ákveðið að afturkalla, fella niður, ógreidda, frestaða kaupauka hans vegna árána 2014, 2015 og 2016 sem áttu að að vera til greiðslu í desember 2017, desember 2018 og desember 2019. Stefndi byggði ákvörðun sína á því að niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlits á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 24. febrúar 2017 hefði leitt í ljós brotalamir í innri starfsemi deildarinnar sem stefnandi veitti forstöðu svo að ekki væru lengur skilyrði til að greiða áður frestaða kaupauka. Þá var tekið fram að þrátt fyrir þetta hygðist stefndi ekki endurkrefja stefnanda um þegar uppgerða hluta kaupauka vegna sömu ára. Þetta var sagt ákveðið með tilliti til meðalhófs.

4. Stefndi byggir á því að skilyrði til afturköllunar eða niðurfellingar kaupauka samkvæmt ákvæðum kaupaukasamnings aðila hafi ekki verið fullnægt. Þá vísar hann til þess í ljósi stöðu aðila og eðlis samningssambandsins og þess að ákvæði kaupaukasamningsins hafi verið einhliða samin af stefnda verði að meta allan óskýrleika eða vafa um túlkun þeirra stefnanda í hag. Um hafi verið að ræða hluta af starfskjörum stefnanda, endurgjald fyrir vinnu sem þegar hafði verið innt af hendi. Því verði að gera strangar kröfur til þess að stefndi sýni fram á með óyggjandi hætti að skilyrði til afturköllunar séu fyrir hendi. Þá byggir stefndi á því að fjarlægt sé að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í niðurstöðu athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 24. febrúar 2017 hafi haft eða að útlit sé fyrir að hún muni hafa þau áhrif í skilningi samnings aðila að staða stefnda muni versna svo verulega að réttlæt看legt hafi verið að afturkalla kaupauka hans. Vísar stefndi í þessu sambandi til þess að það hafi í öllu verulegu verið á valdi stefnda að ákveða hvernig hann brygðist við nefndum athugasemdum Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða ársreikninga stefnda eftir þetta sýni að ekki hafi komið til þeirra neikvæðu áhrifa sem stefndi hafi byggt á og að stefndi hafi, hvað sem líði

athugasemndum Fjármálaeftirlitsins, í einu og öllu hagað störfum sínum af fyllstu trúmennsku og í samræmi við verklagsreglur stefnda. Þá vísar stefnandi til þess að er athugasemdir Fjármálaeftirlitsins komu fram hafi stefndi lýst sig ósammála þeim og hreyft andmælum. Þetta hafi einkum lotið að því að stefndi hafi verið ósammála þeirri túlkun Fjármálaeftirlitsins að af hálfu stefnda hafi verið staðið með ófullnægjandi hætti að útvistun áreiðanleikakannana á viðskiptamönnum. Um þessa afstöðu hafi stefnandi og stefndi verið sammála. Þegar athugasemdir stefnda hafi ekki leitt til breytingar á afstöðu Fjármálaeftirlitsins hafi stefndi hins vegar kosið að una niðurstöðunni og láta ekki á hana reyna fyrir dómstólum. Þetta hafi verið val stefnda en ekki á ábyrgð stefnanda og geti ekki heldur leitt til þess að stefnandi verði beittur viðurlögum þrátt fyrir að hafa unnið eftir markaðri stefnu stefnda. Stefnandi byggir auk þess á því að skoða verði málatilbúnað stefnda í ljósi þess að hann sé hinn eini úr hópi starfsmanna stefnda sem rétt áttu til kaupaukagreiðslna sem hafi verið gert að sæta skerðingu þeirra með þeim hætti sem um er deilt í þessu máli.

5. Stefnandi byggir málsvörn sína á tvenns konar málsástæðum. Annars vegar byggir hann á því að stefndi telji, að gættum upplýsingum sem fram hafa komið um verklag og starfsemi þeirrar deildar stefnda sem stefnandi veitti forstöðu, alþjóðasviðsins, að ekki hafi verið skilyrði til þess að greiða stefnanda áður frestaða kaupauka vegna árána 2014 til 2016. Stefnandi vísar til þess að í niðurstöðu athugunar Fjármálaeftirlitsins á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 24. febrúar 2017 hafi komið fram alvarlegar athugasemdir vegna verklags deildar stefnanda og að samkvæmt þeim reglum sem giltu um kaupaukakerfi, hvort sem er eldri reglum Fjármálaeftirlits nr. 700/2011 eða nýrri reglum nr. 388/2016 eða ákvæðum kaupaukasamnings aðila hafi stefnda verið heimilt og raunar skylt að afturkalla hinar frestuðu kaupaukagreiðslur. Hins vegar byggir stefndi á því að samkvæmt sömu reglum skyldi kaupauki ekki greiddur ef staða stefnda hefði versnað verulega eða útlit væri fyrir að hún myndi versna verulega þegar að fyrirhuguðum greiðsludegi kæmi. Þessi skilyrði telur stefndi að hafi ótvírætt verið fyrir hendi í því tilviki sem deilt er um í þessu máli. Þá vísar stefndi til þess að stjórnvaldsákvörðun Fjármálaeftirlitsins sem birt var með niðurstöðu stofnunarinnar af athugun á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 24. febrúar

2017 standi óhögguð þó að stefndi hafi í öndverðu verið henni ósammála. Telur stefndi, í ljósi framangreinds og þeirrar augljósu og óumdeildu staðreyndar að starfsemi alþjóðasviðs stefnda hafi verið á ábyrgð stefnanda, að stefnda hafi á hlutrænum forsendum verið nauðugur sá kostur að afturkalla eða fella niður hina umþrættu frestuðu kaupauka. Þá vísar stefndi til þess að Fjármálaeftirlitið hafi látið í ljós þá afstöðu í bréfi til stefnda 14. desember 2017 að lagaskilyrði kynni að hafa skort til útgreiðslu kaupauka til tiltekinna einstaklinga, þar á meðal stefnanda vegna rekstrarársins 2016.

#### *Niðurstaða*

6. Sakarefni máls þessa er skýrlega afmarkað. Deilt er um hvort stefnda var heimilt eða skylt að afturkalla eða fella niður frestaðan hluta kaupauka stefnanda vegna starfsársins 2014. Ekki er ágreiningur með aðilum um fjárhæð kröfu stefnanda eða vaxtakröfu. Svo virðist sem það hafi verið hluti af launakjarastefnu stefnda að hafa kaupaukakerfi í gildi gagnvart að minnsta kosti sumum starfsmanna sinna og gera slíkt kerfi að grundvelli fyrir verulegum hluta starfskjara þeirra. Ljóst er að stefnda bar ekki að lögum skylda til að gera kaupaukasamninga og eins er ljóst að frumkvæði að gerð slíkra samninga, að minnsta kosti gagnvart stefnanda, kom frá stefnda. Fyrir liggur að markmið eða viðmið kaupaukasamnings aðila fyrir árið 2014 náðust að mati aðila. Voru enda 60% umsaminna greiðslna til stefnanda vegna þessa greidd honum í desember 2014. Uppgjöri eftirstöðvanna var samkvæmt þágildandi reglum Fjármálaeftirlitsins og innri reglum stefnda frestað í þrjú ár. Stefnanda var svo tilkynnt um það með bréfi stefnda 9. mars 2018 að stefndi hefði afráðið að fella niður hinn frestaða hluta kaupaukans með þeim afleiðingum að stefnandi skyldi ekki frammar eiga rétt til þeirrar greiðslu. Þessi tilkynning var send stefnanda rúmum tveimur mánuðum eftir að greiðslan varð gjaldkræf og meira en hálfu ári eftir að stefnandi hafði látið af störfum eftir 17 ára starf hjá stefnda.
7. Stefndi byggði ákvörðun sína um afturköllun eða niðurfellingu hins umþrætta kaupauka á tvenns konar grundvelli: Að gallar á starfsemi þeirrar deildar stefnda sem stefnandi veitti forstöðu hefðu orðið til þess ekki hefðu verið skilyrði til að greiða stefnanda áður frestaða kaupauka og að staða stefnda hefði versnað svo

verulega að ekki væri skylt eða heimilt að greiða hinn frestaða kaupauka. Dómurinn lítur svo á að stefndi geti ekki byggt á því að honum hafi verið heimilt eða skylt að afturkalla hinn umþrætta kaupaukahluta gagnvart stefnanda á þeim grundvelli að fjárhagsstaða stefnda hefði versnað. Afturköllun eða niðurfelling á þeim grundvelli hlýti að eiga jafnt við um alla þá starfsmenn stefnda sem kaupréttar nutu eða að lágmarki alla þá sem svo var ástatt um og störfuðu í sömu deild og stefnandi. Fyrir liggur að þetta hefur stefndi ekki gert og aðrir starfsmenn stefnda hafa þvert á móti fengið uppgerða að fullu kaupauka sína fyrir árið 2014.

8. Kemur þá til skoðunar hvort stefnda hafi verið heimilt eða skylt að afturkalla hinn umþrætta kaupaukahluta gagnvart stefnanda á þeim grundvelli að árangur hans hafi að verulegu leyti reynst víkja frá því sem gert hafi verið ráð fyrir við ákvörðun um kaupauka. Stefndi telur þetta eiga við, með vísan til þess að stefnandi bar einn sem forstöðumaður ábyrgð á starfsemi alþjóðasviðs stefnda og að óhöggðu standi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 24. febrúar 2017 sem hafi byggst á alvarlegum athugasemdum vegna verklags alþjóðasviðs stefnda. Með þessu hafi fram komið að skilyrði kaupaukasamnings aðila um tilskylda frammistöðu stefnanda hefðu ekki náðst og því bæri að fella niður eða afturkalla hinn frestaða kaupauka. Af hálfu dómsins er litið svo á að fram komið og sýnist raunar óumdeilt að þær starfsaðferðir eða verklag sem stefnandi fór eftir í störfum sínum fyrir stefnda hafi verið í samræmi við þá stefnu og verklagsreglur sem stefndi hafði sett. Þetta á eins við um þær starfsaðferðir sem Fjármálaeftirlitið taldi ófullnægjandi í niðurstöðu athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka 24. febrúar 2017 og vörð-  
uðu útvistun áreiðanleikakannana einstakra viðskiptamanna til erlendra greiðslu-  
þjónustuaðila. Þá er skýrlega fram komið og óumdeilt að stefndi taldi sjálfur að nefndar athugasemdir Fjármálaeftirlitsins stæðust ekki og mótmælti þeim bréflega. Stefndi hefur ekki lagt fram þær bréfaskriftir en af hans hálfu hefur nefnd afstaða hans sem þar kom fram verið staðfest fyrir dómi. Í ljósi þessa og þar sem sýnt þykir að stefnandi hafi við rækslu starfa sinna í þágu stefnda unnið í samræmi við þá stefnu sem stefndi hafði sett að því er varðar þau atriði sem Fjármálaeftirlitið síðar fann að verður ekki talið að stefnda hafi verið stætt á að afturkalla eða fella niður hinn frestaða hluta kaupauka stefnanda fyrir árið 2014 sem um er deilt í máli þessu. Verður því fallist á kröfur stefnanda eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefnanda

flutti málið Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður en af hálfu stefnda flutti málið Stefán Andrew Svensson lögmaður. Málið dæmdi Ástráður Haraldsson héraðsdómari.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Borgun hf., greiði stefnanda, Sigurði Guðmundssyni, 1.599.994 krónur með 4,5% vöxtum frá 1. janúar 2015 til 10. júní 2015 en með 5% vöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 2015, með 5,5% vöxtum frá þeim degi til 4. nóvember 2015, með 5,75% vöxtum frá þeim degi til 24. ágúst 2016, með 5,25% vöxtum frá þeim degi til 14. desember 2016, með 5% vöxtum frá þeim degi til 17. maí 2017, með 4,75% vöxtum frá þeim degi til 14. júní 2017, með 4,5% vöxtum frá þeim degi til 4. október 2017, með 4,25% vöxtum frá þeim degi til 1. desember 2017 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Ástráður Haraldsson